

Fylgiskjal II.

Heilbrigðisráðuneyti
skrifstofa sjúkrahúsa og sérþjónustu:

Umsögn um kynjaáhrif vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um slysatryggingar almannatrygginga, nr. 45/2015.

Markmið og upphafsgreining.

Í ákvæði til bráðabirgða við lög um slysatryggingar almannatrygginga er kveðið á um að lögini skuli endurskoðað innan tveggja ára frá gildistöku þeirra, þ.e. frá 1. janúar 2016, og því er ljóst að endurskoðun þeirra er tímabær. Nauðsynlegt er að gera breytingar á lögnum til að skýra réttarfrákvæmd, skjóta styrkari stöðum undir reglugerðir og draga úr takmarkatilvikum. Lögini byggjast að einhverju leyti á gamalli frákvæmd og ýmis atriði í þeim hafa verið gagnrýnd á undanförunum árum. Í þessu sambandi má meðal annars nefna þá tengingu sem enn er milli slysatrygginga almannatrygginga og bóta lífeyristrygginga samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007. Sjúkratryggingar Íslands (sjúkratryggingastofnunin, sbr. lög um sjúkratryggingar) tóku við frákvæmd slysatrygginga almannatrygginga árið 2008 þegar stofnunin var sett á fót. Tryggingastofnun sér þó enn um að greiða mánaðarlega út örorkubætur þar sem slysaörorka hefur verið metin 50% eða hærrí, og dánarbætur. Nauðsynlegt er að skilja þarna á milli og að Sjúkratryggingar Íslands taki þannig álfarið yfir málaflokkinn svo að ekki þurfi tvær ríkisstofnanir að koma að verkefni sem á að vera á hendi einnar.

Skýring laganna á *slysi* hefur einnig verið gagnrýnd meðal annars fyrir það að skyndilegir áverkar vegna ofreynslu á líkama eða slæmrar vinnuástöðu hafa ekki fallið undir hugtakið. Má nefna í því sambandi að Alþjóðavinnuálfastofnunin, ESB og Vinnueftirlitið telja slíkt til vinnuslysa og hugtak laganna er því ekki í samræmi við túlkun þeirra.

Nauðsynlegt er að lögnum verði breytt svo að skýrt sé að tryggingavernd laganna nái einnig til bótaskyldra atvinnusjúkdóma. Lögini kveða einungis á um að í reglugerð skuli ákveða að tilteknir atvinnusjúkdómar séu bótaskyldir samkvæmt lögnum. Slík reglugerð hefur aldrei verið sett.

Örorkubætur samkvæmt lögnum eru bætur fyrir svokallaða læknisfræðilega örorku en aldrei hefur verið gerð sérstök grein fyrir því um hvers konar örorku er að ræða. Að því leyti er hugtakið óskýrt og jafnvel villandi. Að auki eru bætur samkvæmt lögnum greiddar eftir flókinni reiknireglu reglugerðar nr. 187/2005 um eingreiðslu örorkubóta Tryggingastofnunar ríkisins.

Við vinnslu frumvarpsins var unnið jafnréttismat til að greina hvort frumvarpið hafi ólík áhrif á karla og konur.

Kortlagning á stöðu kynjanna.

Kynskiptur vinnumarkaður hefur áhrif á stöðu kynjanna á málefnaviðinu. Sökum þess hve íslenskur vinnumarkaður er kynjaskiptur, þ.e.a.s. að konur og karlar gegna ólíkum störfum, þá má leiða líkum að því að áhættuþættir í starfi séu ólíkir eftir kyni, og þar með að kynjamunur sé til staðar hvað varðar slysg og atvinnusjúkdóma. Einnig taka konur almennt meiri ábyrgð á heimilisstörfum, en ákveðin kynbundin verkaskipting virðist vera til staðar. Þannig sinna karlar fremur almennu viðhaldi og viðgerðum á meðan konur sinna umönnun og bera meiri ábyrgð á almennum heimilisstörfum eins og þvotti og þrifum.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum má telja að fleiri karlar en konur falli undir lögini. Þetta má rekja til ólíkrar atvinnuþátttöku eftir kyni, en atvinnuþátttaka kvenna (77%) er lægri en karla (85%). Einnig taka færri konur þátt í skipulögðu íþróttastarfi hjá íþróttafélögum heldur en karlar, en karlar eru 67% iðkenda samkvæmt

iðkendatölum frá ÍSÍ. Þá stunda færri konur en karlar nám í iðn- og starfsnámi, en karlar eru um 68% þeirra sem voru skráð í slíkt nám skólaárið 2018-2019. Fleiri konur (n=94.040) en karlar (n=87.216) velja slysatryggingu við heimilisstörf samkvæmt skattframtölum árið 2019, eða 62% kvenna og 54% karla.

Ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar frá Vinnueftirlitinu á skiptingu tilkynninga um vinnuslys eftir kyni. Það liggur þó ljóst fyrir að meirihluti tilkynninga kemur frá körlum og nokkur munur er á aðstæðum vinnuslysa eftir kyni. Þannig virðist vera hlutfallslega algengara að konur slasist á leiðinni í og úr vinnu auk þess sem hlutfallslega slasast fleiri konur við umönnun/meðhöndlun eða samskipti við fólk á meðan karlar eru líklegri til að slasast við almennt viðhald, viðgerðir eða nýsmíði. Þetta endurspeglar kynjaskiptingu starfa á íslenskum vinnumarkaði, en mun fleiri konur en karlar starfa við umönnunarstörf og mun fleiri karlar en konur starfa við bílaviðgerðir, iðnað og byggingastarfsemi. Að auki liggur ljóst fyrir Vinnueftirlitinu berast fleiri tilkynningar um atvinnusjúkdóma hjá konum en körlum.

Fleiri karlar en konur fengu greiddar bætur vegna slysa í nánast öllum greiðsluflokkum á tímabilinu 2018-2019. Heildarfjárhæð greiðsla var 1.527.707.712kr. og þar af voru greiddar 1.119.096.938 kr. til karla (73%) og 408.610.774 kr. til kvenna (27%). Ekki virðist almennt vera munur á meðalgreiðslum eftir kyni. Á árinu 2018 fengu 2.441 einstaklingar greiðslur frá SÍ þar af 62% karlar. Á árinu 2019 fengu 2.350 einstaklingar greiðslur frá SÍ þar af 61% karlar. Tvær konur fengu greiddar dánarbætur en enginn karl, en samkvæmt tölum frá Vinnueftirlitinu létust fimm karlar í vinnuslysum á tímabilinu. Tölur um gervilimi, gervitennur og viðgerðir á tönnum skera sig úr að því leyti að meðalgreiðsla til karla er töluvert hærri en til kvenna.

Jafnréttismarkmið.

Markmið laganna er að tryggja slysatryggðum bætur frá almannatryggingum vegna vinnuslysa eða annarra slysa óháð tekjum hins slysatryggða. Þannig er markmið laganna að tryggja konum jafnt sem körlum þá tryggingarvernd. Þær breytingar sem lagðar eru til á lögunum eru ekki sérstaklega til þess fallnar að jafna stöðu kynjanna. Með aukinni áhersla á tryggingavernd laganna þegar kemur að atvinnusjúkdómum ættu áhrifin fremur að vera þau að fleiri konur geti öðlast rétt til bóta þar sem fleiri konur tilkynna um atvinnusjúkdóma til Vinnueftirlitsins. Hafa ber þó í huga að þrátt fyrir fleiri tilkynningar um atvinnusjúkdóma er þó ekki þar með sagt að í öllum tilvikum sé um atvinnusjúkdóm að ræða samkvæmt skilgreiningu Vinnueftirlitsins.

Með þeim breytingum sem lagðar eru til á slyshugtaki laganna er rétt að taka fram að Sjúkratryggingum Íslands berast fjölmargar tilkynningar um slys í umönnunarstörfum sem fela í sér skyndilega áverka vegna ofreynslu eða slæmrar vinnuáðstöðu. Liggur ljóst fyrir að fleiri konur en karlar sinna umönnunarstörfum og felur þessi útvíkkun á slyshugtaki laganna því í sér aukna tryggingavernd handa þeim hópi. Eftir sem áður geta breytingarnar jafnframt haft áhrif á rétt karla.

Niðurstöður mats.

Heilt yfir þá falla fleiri karlar en konur undir lagasetninguna og fleiri karlar en konur fá greiðslur vegna slysatrygginga almannatrygginga en um 69% af greiðslum sem SÍ greiddu á tímabilinu 2018-2019 runnu til karla. Fleiri tilkynntir atvinnusjúkdómar eru þó frá konum en körlum.